

Nd.

364. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 37, 8. sept. 1931, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Siðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga til fiskisölufélaga, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á árunum 1932 og 1933, og er ríkisstjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

5. gr. laganna verði þannig:

Nú leigir fiskisölufélag, sbr. 1. og 4. gr., sjálft skip til flutninga á isvörðum fiski, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka ábyrgð á slíkri skipaleigu, allt að 200 þús. kr. samtals, gegn tryggingum þeim, er hún metur gildar.

Greinargerð.

Í 5. gr. laga nr. 37 1931 eru ákveðin fyrirmæli um endurskoðun laganna á þessu þingi.

Fengin reynsla bendir til þess, að breytt skipun um útflutning isvarins fiskjar sé æskileg og líkleg til góðs árangurs; hafa í 2. gr. frv. verið tekin upp ákvæði um þá skipulagsbreytingu, er næst virðist liggja.

Fyllri greinargerð verður gefin í framsögu.